

Nd.

191. Frumvarp til laga

[96. mál]

um heimild handa ríkisstjórninni til að selja Raufarhafnarhreppi land jarðarinnar Raufarhafnar og um heimild til eignarnáms á erfðafesturéttindum.

Flm.: Gisli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Raufarhafnarhreppi allt land jarðarinnar Raufarhafnar.

Náist ekki samkomulag um söluverð landsins, skal það metið af gerðardómi, þar sem kaupandi og seljandi tilnefni hvor sinn aðila, en sýslumaður Þingeyjar-sýslu oddamann. Þó skal Raufarhafnarhreppi ekki gert að greiða þá verðhækkun landsins, sem orðið hefur vegna framkvæmda á vegum hreppsfélagsins, síðan farið var að skipta landinu í byggingarlóðir.

Greiðsluskilmálar skulu vera hagkvæmir, sbr. 4. gr. laga nr. 64 27. júní 1941, enda má hreppurinn ekki selja jörðina eða hluta hennar nema með samþykki ríkisstjórnarinnar.

Parfnist ríkið eða ríkisstofnanir byggingarlóða úr landinu undir opinberar byggingar, skal því heimilt að kaupa þær og þá við sama verði hlutfallslega og Raufarhafnarhreppi var gert að greiða fyrir landið.

2. gr.

Hreppsnefnd Raufarhafnarhrepps er heimilt að taka eignarnámi erfðafesturéttindi í eignarlandi hreppsins, ef nauðsyn krefur vegna skipulags. Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt samkvæmt beiðni hreppsnefndar Raufarhafnarhrepps. Það er, eftir því sem við á, sniðið eftir lögum, sem sett voru á síðasta þingi um heimild til að selja Kópavogskaupstað jarðirnar Kópavog og Digranes. Jafnframt er höfð hliðsjón af 4. gr. laga nr. 64 1941, um jarðakaup ríkisins vegna kauptúna og sjávarþorpa (sjá 1. gr. frv., 3. málsg.).